

Umsögn um frumvarp til laga um orlof húsmæðra (afnám laganna) 119. mál

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Selfossi 21. mars 2017

Efni: Móttækið er erindi frá allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis. Eftirfarandi er umsögn frá stjórn Sambands sunnlenskra kvenna og orlofsnefnd SSK um frumvarp til laga um orlof húsmæðra (afnám laganna) 119. mál.

Orlof húsmæðra var mikil bót fyrir húsmæður á Íslandi þegar þau lög voru sett og hafa margar húsmæður notið orlofs frá þeim tíma. Við teljum að enn hafi fjöldi kvenna á okkar svæði ekki rétt til að sækja um orlof í sjóði stéttarféлага. Þetta á ekki síst við um eldri konur sem hafa átt sína starfsævi inni á heimilum við ólaunuð umönnunarstörf. Þær eru fjölmennasti hópurinn sem sækir orlofsdvöl hér á okkar svæði. Við vitum að það hefur verið þeim kærkomið að geta tekið sér nokkurra daga hvíld til að komast í orlof frá amstri dagsins. Ekki má heldur vanmeta það félagslega gildi sem orlofið hefur fyrir þær konur er það sækja. Orlof húsmæðra sem skipulagt hefur verið af Orlofsnefnd SSK í Árnes- og Rangárvallasýslu, hefur alltaf verið skipulagt sem “hvíldardvöl” innanlands.

Ef til vill má segja að lögin um orlof húsmæðra séu barn síns tíma með tilliti til jafnréttis kvenna og karla og eðlilegt að þetta frumvarp um niðurfellingu laganna komi fram í ljósi þess. Ef samþykkt verður að leggja þessi lög niður í núverandi mynd, er engu að síður mjög mikilvægt að möguleiki verði fyrir fólk sem er utan stéttarféлага að geta sótt um orlofstyrk eða eitthvað á svipuðum nótum til sveitarfélaganna. Það þarf þá að setja í ný lög.

Í frumvarpinu kemur fram að ætlast er til að lögin taki þegar gildi. Það teljum við ómögulegt, þar sem sá fyrirvari er alltof skammur. Orlof húsmæðra í Árnes- og Rangárvallasýslu fyrir árið 2017 er skipulagt með löngum fyrirvara. Byrjað var að undirbúa það á haustdögum 2016. Við teljum því að ef afnám laganna verður samþykkt, þá megi sú breyting ekki taka gildi fyrr en um næstu áramót. Sveitarfélögin skulu því greiða til orlofsins árið 2017.

Virðingarfyllst
fyrir hönd Sambands sunnlenskra kvenna
Orlofsnefnd og stjórn SSK

Elinborg Sigurðardóttir
formaður SSK